



NOTENDAHANDBÓK FYRIR RAFHJÓL



ELLINGSEN



EFNISYFIRLIT

Öryggisleiðbeiningar	1
Umhirða og viðhald	1
Leiðbeiningar fyrir rafhlöðu	2
Ábyrgðarupplýsingar.....	3

Öryggisatriði

1. Ávallt skal nota öryggisvottaðan hlífðarbúnað við akstur rafhjóra.
2. Hægja skal á hjólinu þegar farið er niður brekkur, upp á kanta eða við akstur á ójöfnu yfirborði.
3. Ávallt skal yfirfara rafhjólíð fyrir notkun, athuga loftþrýsting í dekkjum og hvort bremsur virki sem skyldi, til að gæta fyllsta öryggis.
4. Ekki skal aka rafhjólinu undir áhrifum áfengis eða vímuefna.
5. Það er á ábyrgð notanda að þekkja og fylgja reglum um notkun hjólsins.

UMHIRÐA OG VIÐHALD

Þrif, geymsla og flutningur

Passa þarf að slökkt sé á hjólinu og hleðslutækið aftengt áður en hjólíð er þrifið. Lokaðu hleðslurauðfinni til að draga úr líkum á að vatn fari í hana og valdi skemmdum. Takið rafhlöðuna af áður en hjólíð er þrifið.

Fjarlægðu óhreinindi eða ryk með rökum klút.

Geymið hjólíð innandyra á þurrum stað. Geymsla við mjög hátt eða lágt hitastig, í beinu sólarljósi eða utandyra getur skemmt hjólíð og eyðilagt rafhlöðuna.

Ef hjólíð er í geymslu og ónotað í lengri tíma, skal aftengja rafhlöðuna frá hjólinu, en mikilvægt er að hlaða rafhlöðuna yfir nótt allavega einu sinni í mánuði á meðan á geymslu stendur. Mikilvægt er að rafhlaðan nái að lámarki 80% hleðslu.

Þegar hjólíð er flutt skal ávallt taka rafhlöðuna úr hjólinu.

Mælst er gegn því að setja hjólíð í hefðbundna hjólastanda vegna hættu á því að skemma gjarðir hjólsins. Það getur gerst vegna þunga hjólsins ef það fær á sig hliðarhögg.

Mikilvægt er að fylgja þessum reglum eftir svo að ábyrgð falli ekki úr gildi.

Mikilvægar upplýsingar um rafhlöðu

Allar lithium-ion rafhlöður rýrna með tímanum, jafnvel þó þær séu ekki í notkun. Samkvæmt rafhlöðuframleiðendum geta rafhlöður rýrnað um allt að 15% á ári. Mikilvægt er að meðhöndla rafhlöðuna rétt til að lámarka rýrnunina.

Ábyrgðartími rafhlöðunnar eru 2 ár, að því gefnu að hún sé rétt meðhöndluð.

Til að hámarka gæði rafhlöðunnar er mikilvægt að meðhöndla hana rétt frá upphafi til að viðhalda drægni og til þess að líftími hennar verði sem lengstur.

1. Í fyrsta skipti sem hjólið er hlaðið er mikilvægt að fullhlaða rafhlöðuna fyrir notkun.

Mælt er með að fullhlaða rafhlöðuna alveg fyrstu 10 skiptin og hlaða ekki aftur fyrir en hún er nánast fulltæmd.

2. Notið eingöngu það hleðslutæki sem ætlað er þínu rafhjóli.

3. Kjörhitastig lithium-ion rafhlaðna er 25°C.

4. Hitastig rafhlöðunnar þarf að vera að minnsta kosti 10°C þegar henni er stungið í hleðslu og best er að hafa hana sem næst stofuhita.

5. Mikilvægt er að hlaða rafhlöðuna innan 8 klst. ef hún tæmist, til að koma í veg fyrir óbætanlegan skaða sem getur orðið á rafhlöðunni.

6. Ekki skal hlaða rafhlöðuna of ört og mælt er með því að hlaða hana ekki fyrir en hún er komin undir 50% hleðslu.

7. Rafhlöðuna skal ekki hafa lengur en í 48 klst í hleðslu. Eftir hleðslu á alltaf að taka hleðslutækið úr sambandi við vegg tengilinn.

Ábyrgðarskilmálar

Með því að nota vöruna samþykkir þú þessa ábyrgðarskilmála. Vinsamlegast lesið ábyrgðarskilmálana vandlega, ásamt köflum um „umhirðu og viðhald“ og „leiðbeiningum um rafhlöðu“.

Ábyrgð vegna galla er í samræmi við neytendalög (lög nr. 48/200).

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar.

S4S ábyrgist að varan sé laus við galla á efni og við vinnu, í samræmi við eftirfarandi skilmála og skilyrði:

Ef galli kemur upp í vöru, skal tilkynna það eins fljótt og auðið er. Ef hjólið reynist ekki gallað við nánari athugun eða ekki er um að ræða ábyrgðarviðgerð greiðir kaupandi skoðunargjald í samræmi við verðskrá verkstæðis.

Ef til úrlausnar ábyrgðar kemur mun S4S ehf bjóða eftir atvikum, viðskiptavini upp á viðgerð, nýja vöru, afslátt eða afturköllun kaupa.

Í öllum tilvikum er fyrst kannaður möguleiki á viðgerð.

Ábyrgðin nær til upphaflegs kaupanda vörunnar og hvern þann sem kaupir hana þar á eftir, innan ábyrgðartíma. **Skilyrði er fyrir afriti af ábyrgðarskírteini eða kaupnótu.**

Ábyrgðartakmörkun

Ábyrgð framleiðanda/söluaðila nær ekki til:

- slits vegna eðlilegrar notkunar
- slits á hjólbörðum, rafhlöðu og snertiflötum vegna eðlilegrar notkunar
- bilunar vegna rangrar eða illrar meðferðar á tæki
- bilunar þegar búið er að opna tækið eða eiga við það án þess að verkstæði S4S hafi haft umsjón yfir verkinu eða samþykkt það
- bilunar eða skemmda vegna óviðeigandi geymslu (sjá kafla um umhirðu og viðhald)

Eðlilegt getur verið að þurfi að endurnýja rafhlöður, dekk, bremsur og aðra slitfleti fyrir lok vélbúnaðarábyrgðar, allt eftir notkun og umhirðu.



ELLINGSEN

S4S

Guðríðarstigur 6-8, 113 Reykjavík
544-2160 kt. 600509-0710
www.s4s.is

September 2020